

Mættir: Kristján Geirsson, Ragnheiður Garðarsdóttir, Magnús Andrésdóttir, Helga Erla Albertsdóttir, Arnar Stefánsson, Inga Brynja Magnúsdóttir, Davíð Heimisson auk þess sem Bryndís Jóna Magnúsdóttir aðstoðarskólastjóri Heiðarskóla mætti á fundinn.

Fundur nr. 2 skólaárið 2018-2019

Heiðarskóli 1. október 2018 kl. 19:30. Fundargerð Helga Erla Albertsdóttir

Dagskrá:

1. fundur í skólaráði
 2. Staða fjármála
 3. Innheimta skólagjalda
 4. Staða bekkjarfulltrúa
 5. Gjafir / styrkir
 6. Jólaföndur FFHS
 7. Heiðarleikar / sumarhátíð maí
 8. Önnur mál
- Kaffispjall með foreldrum
Fyrirlestur í Akademíunni þriðjudaginn 2. október
Bólufreðinn og sultuslakur (styrkur vegna þessa)

Fundargerð 1 fundar FFHS lögð fram og samþykkt.

1. 1 fundur í skólaráði

Fyrsti fundur gekk mjög vel. Arnar og Ragnheiður sóttu fundinn. Þau samþykktu fyrir hönd foreldrafélagsins vetrardagskrá skólaráðsins. Bryndís Jóna aðstoðarskólastjóri fór á þeim fundi yfir breytingar sem gerðar hafa verið á kennsluformi 10 bekkjar og valgreina og fleira því tengt.

2. Staða fjármála

Staða fjármála yfirfarin og er góð.

3. Innheimta skólagjalda

Skólagjöld eru nú 3.000 kr pr fjölskyldu og nýbúið er nú að senda út greiðsluseðla vegna skólagjaldanna. Nú þegar eru um 60 greiðsluseðlar greiddir.

4. Staða bekkjarfulltrúa

Staðan er ekki góð og var umræða um það auk þess sem rætt var um tillögur um hvatningu að bekkjarfulltrúa á samskiptadegi. 2 október verður send út tilkynning frá FFHS þar sem foreldrar og forráðamenn eru hvattir til að taka að sér bekkjarfulltrúa stöður.

5. Gjafir / styrkir

Styrkir vetrarins ræddir og farið yfir stöðuna með Bryndísi Jónu aðstoðarskólastjóra.

6. Jólafondur FFHS

Umræður um jólafondur og skipulag. Jólafondrið alltaf vel sótt og mikil ánægja með fyrirkomulagið.

Ákveðið að jólafondur í ár verði haldið þann 29. nóvember 2018 klukkan 17-19.

7. Heiðarleikar / sumarhátíð maí

Ánægja með fyrirkomulagið hjá stjórn FFHS sem og skólastjórnendum. Umræður voru um heiðarleikana og sumarhátíðina.

8. Önnur mál

Tillaga kom fram um að hafa kaffi spjall með foreldrum og forráðamönnum nemenda skólans. Vel tekið í þá tillögu og verður rætt áfram síðar.

Fyrirlesturinn Bólufreðinn og sultuslakur - samþykkt að styrkja fyrirlesturinn með öðrum foreldrafélögum skóla í Reykjanesbæ.

Bent var á fyrirlestur tengt myndinni Lof mér að falla sem haldinn verður þann 2. október 2018 í Akademíunni kl. 18.

Fundi slitið 20:30